

## BRÁÐAOFNÆMI TENGT BÓLUSETNINGUM

Bráðaofnæmi (anaphylaxis) tengt ónæmisaðgerðum er mjög sjaldgæft. Það á sér yfirleitt stað mjög skyndilega, innan klukkustundar frá ónæmisaðgerðinni og getur verið banvænt. Nauðsynlegt er að hver sá sem framkvæmir slíkar aðgerðir sé fær um að greina á milli bráðaofnæmis og annarra bráðra einkenna eins og til dæmis krampa eða yfirliðs. Yfirlið er tiltölulega algengt í kjölfar ónæmisaðgerða hjá unglingum. Líklega er um bráðaofnæmi að ræða, ef ekki finnst æðasláttur hálsslagæðar (carotis), sem er til staðar þegar um yfirlið eða krampa er að ræða.

### Einkenni bráðaofnæmis

- 1) **Fölvi, slekja (hypotonia) og öndunarstöðvun** (algengast).
- 2) **Þrengsli í efri hluta öndunarvegjar**: hæsi og innöndunarsog (stridor) vegna bjúgs í barkakýli og barkakýlisloki.
- 3) **Þrengsli í neðrihluta öndunarvegjar**: þrengslatilfinning í brjósti, andþyngsli með önglhjóðum við útöndun vegna berkjukrampa.
- 4) **Frá hjarta- og æðakerfi**: hraður hjartsláttur, blóðþrýstingsfall samfara hröðum hjartslætti. Mjög hægur hjartsláttur er sjaldgæfari.
- 5) **Húð**: ofsakláði (urticaria) með dæmigerðum útbrotum, afmörkuðum af upphækkuðum, rauðum brúnum og með miðlægum fólva, samfara ákøfum kláða.

### Meðferð

Þar sem um lífshættulegt ástand getur verið að ræða, er nauðsynlegt að öllum sem framkvæma ónæmisaðgerðir, sé kunnugt um hvernig bregðast á við.

- 1) Leggið barnið í **vinstri hliðarlegu** og sjáið til þess, að öndunarvegur barnsins sé opinn.
- 2) Gefið **adrenalin djúpt í vöðva** í samræmi við neðanskráð, þó ekki ef æðasláttur er kröftugur og almennt ástand barnsins gott.
- 3) Kallið eftir **hjálp** (112 - neyðarbíll). **Skiljið barnið aldrei eftir eitt.**
- 4) Hefjið **endurlífgun** með öndunaraðstoð og hjartahnoði, sé þess þörf.
- 5) Batni ástand barnsins ekki á næstu 10 mínútum, **endurtakið þá adrenalínjölf**, hámark x 3.
- 6) Barnið skal leggja inn **á sjúkrahús** í öllum tilvikum.
- 7) Tilkynnið atburðinn viðkomandi héraðslækni.

### Adrenalinskammtar

(1mg/ml, óþynnt, 1 ml sprauta) gefið í vöðva

6 til 12 ára      0,3 ml

13 til 16 ára      0,5 til 1 ml

Reikna má með 0,1ml á hver 10 kíló líkamspýngdar.